

- B. Að fresta samkvæmt umsóknnum allt að 5 árum álagningu B-gjalda, ef um er að ræða geymslu- eða gripahús, sem líklegt má telja að fjarlægð verði innan þess tíma, enda sé umsókn rökstudd þannig.
- C. Að lækka eða fella niður A-gjald af fjölbýlishúsum, iðnaðar- og atvinnuhúsnaði, enda liggi til þess fullgild rök hverju sinni.
- D. Að ákveða gatnagerðargjöld sérstaklega í þeim tilvikum að mannvirki séu sérhæfð eða afbrigðileg um notkun og annað slíkt.
- E. Að gera sérsamninga um gjalddaga, þegar greiða skal á sama tíma A- og B-gjald, þegar um er að ræða umfangsmiklar byggingarframkvæmdir eins aðila, eða aðrar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.
- F. Að hækka eða lækka gjaldstuðla samkvæmt 4. gr. hvern fyrir sig eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytisins.

16. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum og dráttarvöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla, og tekur einnig til váttryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld þessi lög-taki samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Hreppsnefnd sker úr um meiri háttar ágreining, sem rísa kann um álagningu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Reykjahrepps í S-Þingeyjarsýslu, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 30. apríl 1979.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

16. maí 1979.

Nr. 236.

REGLUGERÐ

um sundnám í grunnskóla.

1. gr.

Skólanemendum skal ætla sundtíma á stundaskrá skóla, eigi færri en einn á viku, ef sundlaug er svo nærri skólanum, að sundiðkunum verði komið við með öðru námi.

2. gr.

Þar sem eigi háttar svo til, sem um getur í 1. gr. skal kenna sund í námskeiðum. Skal hver nemandi grunnskóla eiga kost á 180 kennslustundum í sundi, þar af 120 í 1.—6. bekk, en 60 í 7.—9. bekk. Ríkissjóður tekur þátt í kostnaði nemenda vegna framkvæmdar sundkennslunnar samkvæmt reglugerð þessari. Ákveður ráðuneytið árlega, hver þátttaka ríkissjóðs í ferðakostnaðinum skuli vera.

3. gr.

Þegar sundkennsla skólanna og sundnámskeið fara fram, skal ætla sundkennslunni sérstakan tíma. Skulu sundkennarar ef þeir eru starfsmenn sundstaðar þá aðeins sinna sundkennslu skólanemenda. Ef almenningi eru leyfð afnot af sundlaug er kennsla fer fram, skal ætla skólanemendum afmarkað svæði í lauginni.

Í hverjum sundflokki skulu að jafnaði vera 15 nemendur hjá einum kennara í hverjum 40 mín. sundtíma. Kennarar eiga að fræða nemendur um gildi sundkunnáttu í sambandi við björgun frá drukknun, sund í sjó, ám og stöðuvötnum. Einnig skulu þeir fræða nemendur um gildi sundiðkana með tilliti til almennrar líkamsræktar og umgengni á sundstöðum og varúð við sundiðkunum í sjó, ám og vötnum. Kennarar skulu láta nemendur reyna sund í fótum og kenna þeim að afklæðast á sundi, eftir því sem slíkri iðkun verður við komið.

4. gr.

Í 6. og 9. bekk skulu nemendur gangast undir sundpróf sem hér greinir, nema þeir, sem að læknisráði hafa fengið undanþágu frá sundnámi. Sundkennara er heimilt í samráði við skólalækni að veita undanþágu frá prófkröfum stiganna, ef um vatnshræðslu eða hreyfihömlun er að ræða. Þessi sundpróf skulu fara fram undir eftirliti prófdómara.

Prófatriði VI. stigs í sundi eru eftirfarandi (samræmd sundpróf í 6. bekk).

- a) 200 m bringusund.
- b) 50 m baksund (skólabaksund)
- c) 15 m björgunarsund með jafningja, frjáls aðferð.
- d) 8 m kafsund.
- e) val nemenda:
 - 50 m bringusund á tíma
 - 25 m skriðsund á tíma
- f) 3 leysitök — grip um báða úlnliði — grip um framhandlegg með báðum höndum — grip um háls framan frá
- g) um lífgunaraðferð

Prófatriði IX. stigs í sundi eru eftirfarandi (samræmt próf í 9. bekk).

- a) 600 m bringusund, án hvíldar
- b) 25 m marvaðasund, með jafningja
- c) val: nemendur velji tvær sunaðferðir af fjórum til að synda á tíma.
 - 100 m bringusund
 - 50 m skriðsund
 - 50 m bakskriðsund
 - 25 m flugsund
- d) 3 leysitök — grip í fatnað framan frá — grip um háls aftan frá — grip utan um brjóst aftan frá
- e) ein lífgunaraðferð.

5. gr.

Við sundpróf VI. stigs skal gefa einkunnir í heilum tölum frá 1 til 10.

Fyrir að synda hverja tilskylda vegalengd a—d prófatriða stigsins fær nemandi 5 og til viðbótar einkunnir 1 til 5 fyrir sundlag. Einkunn fyrir valgrein e—atriðis ákveðst samkvæmt gildandi tímatöflu.

Leysitök og lífgunaraðferð skulu ekki metin til einkunnar, en í þess stað skal prófdómari fullvissa sig um hvort nemandi getur leyst þau af hendi. Einkunnir skulu færðar inn á þar til gerð skirteini. Nemandi telst hafa staðist VI. sundstig geti hann lokið þeim vegalengdum sem krafist er á prófinu. Sundpróf IX. stigs er háð eftirfarandi.

Nemandi telst hafa staðis tilskilið sundpróf, ef hann nær að synda viðstöðulaust þær sundvegalengdir, sem kveðið er á um í a—b prófatriðum stigsins (hámarksvegalengdir), synt tvær sunaðferðir af fjórum í c—atriðum stigsins innan tímamarka gildandi tímatöflu og sýnt kunnáttu á leysitökum og lífgunaraðferð.

Geti nemandi eigi synt viðstöðulaust tilskildar vegalengdir a—b prófatriðanna skal meta sundfærni hans sem hér greinir:

Prófatriði a) einkunnagjöfin ákvarðast af þeirri vegalengd er nemandanum tekst að synda. Sundlag ekki metið. Einkunnir skulu gefnar samkvæmt eftirfarandi töflu:

Vegalengd synt	Einkunn
200 m	2
250 m	3
300 m	4
350 m	5
400 m	6
450 m	7
500 m	8
550 m	9
600 m	10

Komist nemandinn ekki 200 m hefur hann ekki staðist kröfur VI. stigs og verður því að taka það stig, áður en hann fær að ljúka IX. stigi.

Prófatriði b) Einkunn miðast við þá vegalengd er nemandi getur synt með jafningja og einnig sundlag hans. Fyrir hverja 5 m er nemandi getur synt marvaða með jafningja fær hann 1.0 í einkunn. Komist hann 25 m hefur hann náð einkunninni 5.0 og þar við bætist síðan einkunn fyrir sundlag frá 1.0—5.0.

Prófatriði c) nemandi velur sér tvær sunaðferðir til þess að synda á tíma. Tíminn ákvarðar einkunnir, samkvæmt gildandi tímatöflu.

Leysitök og lífgunaraðferðir skulu ekki metin til einkunnar en prófdómari skal fullvissa sig um hvort nemandinn getur leyst þau af hendi.

6. gr.

Æskilegt er að námsmat í sundi fari fram árlega og til leiðbeiningar því eru eftirfarandi sundstig:

I. stig.

- staðið í botni, andað að sér og síðan frá með andlitið í kafi — 10 sinnum í röð —,
- spyrna frá bakka og renna með andlitið í kafi 2.50 m eða lengra.

II. stig.

- marglyttuflot með því að rétta úr sér
- 10 m bringusund
- 8 m baksund

III. stig.

- 25 m bringusund
- 10 m baksund
- 6 m skriðsundsfótatök, andlitið í kafi, armar teygðir fram.

IV. stig.

- 75 m bringusund
- 20 m baksund
- 10 m skriðsund
- stunga af bakka
- kafa eftir hlut af 1 til 2 m dýpi

V. stig.

- a) 25 m bringusund á tíma
- b) 25 m skriðsund
- c) 15 m björgunarsund
- d) 8 m kafsund
- e) 10 m bakskriðsund með fótum
- f) troða marvaða í 20 til 30 sek.

VI. stig. Sjá 4. gr. (samræmt próf).**VII. stig.**

- a) 400 m sund frjáls aðferð, án þess að stöðva
- b) 25 m bakskriðsund
- c) 10 m flugsundsfótatök, armar teygðir fram
- d) val á tíma:
 - 50 m bringusund
 - 50 m skriðsund
- e) troða marvaða í 60 sek.

VIII. stig.

- a) 15 m kafsund
- b) 50 m bakskriðsund
- c) 15 m flugsund
- d) stunga af viðbragðspalli
- e) 25 m sund í fótum afklæðst á sundi
- f) val á tíma, nemendur velja eina sundaðferð:
 - 25 m bakskriðsund
 - 50 m skriðsund
 - 50 m bringusund

IX. stig. Sjá 4. gr. (samræmt próf)

Eftirfarandi stig X.—XII. eru fyrir þá nemendur, sem lokið hafa öðrum stigum áður en þeir hefja nám í 9. bekk og notist því til áframhaldandi námsmats (sundmats) og stigið sem afreksstig (hvalmerki).

X. stig.

- a) 1000 m frjáls aðferð, án hvíldar
- b) 100 m fjórsund
- c) 25 m marvaðasund með jafningja, sundmaður í fótum afklæðist á sundi
- d) val á tíma:
 - 50 m baksund
 - 25 m flugsund

XI. stig.

- a) 200 m bringusund á tíma
- b) 100 m skriðsund á tíma
- c) 40 m björgun með jafningja
- d) 1500 m sund, frjáls aðferð, án hvíldar

XII. stig.

- a) 50 m björgun, með jafningja, báðir í fótum
- b) 1000 m bringusund á tíma

c) val á tíma, nemandi velur 2 sunðaðferðir:

200 m fjórsund

100 m bakskriðsund

400 m bringusund

100 m skriðsund.

Tímalágmörk á öllum ofangreindum sundstigum og um klæðnað þann sem ætlast er til að notaður sé við sund í fötum skal skilgreina í kennsluleiðbeiningum.

7. gr.

Fyrir sundstig þau er um getur í 6. gr. Önnur en VI. og IX. er heimilt að gefa einkunnir í tölum og bókstöfum eða einungis meta hvort nemendur hafi leyst atriði stigsins eða ekki. Sá telst hafa leyst stig sem getur synt þær vegalengdir sem mælt er fyrir um og staðist tímakröfur. Sundstigin (til sundmats) eru ekki háð aldri nemenda. Um leið og nemandi hefur náð einu sundstigi öðlast hann rétt til þess að reyna við næsta sundstig.

8. gr.

Að loknu sundprófi í 6. og 9. bekk skal afhenda sundskírteini, undirritað af prófdómara og sundkennara. Önnur sundstig skal sundkennari undirrita.

Menntamálaráðuneytið skal annast prentun og dreifingu sundskírteina til skóla eða sundstaða ásamt öðrum nauðsynlegum gögnum vegna sundnámsins.

9. gr.

Leyfi aðstaða á sundstað ekki kennslu í björgunartökum, leysitökum og lífgunaraðferð skal fella kennslu í þessum atriðum sundnámsins inn í aðra kennslu í íþróttasal.

Skólastjóra eða skólanefnd er heimilt að kveðja aðra kennara til aðstoðar við sundkennslu eða gæslu nemenda.

10. gr.

Skólastjórar skulu árlega gefa íþrótt- og æskulýðsmáladeild menntamálaráðuneytisins skýrslu um sundnám nemenda á þar til gerðum eyðublöðum.

Um árangur nemenda í 6. og 9. bekk í sundi ber að skila upplýsingum á þar til gerðum eyðublöðum.

11. gr.

Hafi nemandi, án þess að lögmæt forföll hindri, eigi fullnægt tilskildum kröfum VI. og IX. stigs, telst hann eigi hafa uppfyllt ákvæði sundskyldunnar.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæði í íþróttalögum nr. 127/1956 öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi ákvæði I. kafla reglugerðar nr. 69/1959.

Í menntamálaráðuneytinu, 16. maí 1979.

Ragnar Arnalds.

Birgir Thorlacius.